

hellinginn hvorri, þar á meðal málsfærsluun til svaramanna sinna fyrir undirjettinum, Helga Helgasonar og Sigurðar Jónssonar, 4 krónur til hvors, og til sóknara og svaramanns fyrir yfir-dóminum, málaflutningsmannanna Páls Melsteðs og Guðmundar Pálssonar, 10 krónur til hvors.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Nr. 23/1875: P. Guðjohnsen vegna dánarbús ekkjufrúr K. Sveinbjörnsson m. fl.

gegn

eigendum og ábúanda jarðarinnar Hnauss.

Dómur.

Mál þetta er risið út af því, að ábúanda jarðarinnar Gneistastaða í Árnessýslu, Magnúsi Eyjólfsyni, þótti nágranni sinn, bóndinn á Hnausi, Magnús Einarsson, bæði slá og beita út yfir merki fram og inn á sig, og tók málstað Magnúsar Eyjólfssonar eigandi Gneistastaða, ekkjufrú K. Sveinbjörnsson, og höfðuðu þau í sameiningu mál móti tjeðum Magnúsi Einarssyni og eigendum jarðarinnar Hnauss, Þórunni ekkju Sigurðardóttur í Hafnarfirði og Hallgrími bónda Þorvarðarsyni á Votmúlakoti, og heimtuðu, að merkin milli Gneistastaða og Hnauss yrðu með dómi ákveðin: úr Gilvaði á Hróarsholtslæk eptir læk þeim, er þangað rennur úr Hnausskeldu, að pitti þeim við Kirkjuflöt, er keldan og lækurinn hafi upptök sín úr og þaðan beina línu til suðurs yfir Bógsöx í markapúfu þar á heiðinni; að Magnús Einarsson yrði skyldaður til að greiða stefnandanum, Magnúsi Eyjólfsyni, í endurgjald 140 krónur auk hæfilegra sekta til Villingaholts-hrepps fátækra sjóðs fyrir yfirgang sinn, og loks að öll-

um hinum stefndu, einum fyrir alla og öllum fyrir einn, yrði uppálagt að greiða skiptaráðandanum í dánarbúi ekkjufrúr Kristínar Sveinbjörnsson — því hún var þá dáið, en skiptaráðandinn hafði ákvarðað, að halda skyldi áfram málinu — fyrir hönd búsins 100 kr. í málskostnað. Þar á móti kröfðust hin stefndu, að þau yrðu dæmd sýkn fyrir kærur og kröfum sækendanna og merkin ákveðin: úr Gilvaði á Hróarsholtslæk í þúfu á Jarðfallakletti og sömu línu eftir þúfum á hæstu holtahryggjum í þúfu þá, þar sem Hurðarbaksland tekur við; að sækendurnir yrðu dæmdir einn fyrir báða og báðir fyrir einn að greiða hinum stefndu í málskostnað 100 kr., og svara bótum fyrir ónáuðsynlega þrætu, og loks, að Magnús Eyjólfsson sætti sekt fyrir ósanna sakargipt í kæruskjali sínu. Aftur seinna komu sækendurnir með þá vararjettarkröfu, að merkin yrðu ákveðin: úr Gilvaði með Hnausskeldu og holtajöðrunum niður að Hurðarbaksmarkalínu. Í máli þessu dæmdi sýslumaðurinn í Árnessýslu með 4 tilteknum meðdómsmönnum 1. maí f. á., og frávisuðu þeir kröfu Magnúsar Eyjólfssonar um 94 króna útlát af hendi Magnúsar Einarssonar — peningar þessir áttu að vera fyrir hey, er Magnús Einarsson hefði slegið í þrætulandinu, en krafan hafði eigi verið lögð til sætta — öll þrjú hin stefndu voru dæmd sýkn af kröfum stefndanna; en Magnús Eyjólfsson dæmdur til að greiða 4 krónur til lands-sjóðsins og jafnmikið til Magnúsar Einarssonar. Málskostnaður skyldi falla niður. Þessum dómi hafa nú erfingjar ekkjufrúr Sveinbjörnsson og Magnús Eyjólfsson áfrýjað til yfirdómsins og krafizt þar, að merkin yrðu dæmd hin sömu, og þeir höfðu krafizt við undirjettinn í aðalrjettarkröfu sinni, að Magnús Eyjólfsson yrði dæmdur sýkn fyrir sekt þeirri og málskostnaði, er undirdómarinn hefði dæmt hann í, og að hinir stefndu

yrðu skyldaðir til in solidum að greiða dánarbúi ekkjufrúr Sveinbjörnsson, sem einsamalt hefði kostað mál þetta, kostnað þess fyrir báðum rjettum með 150 kr. Þar á móti hafa hin stefndu krafizt þess, að undirrjettardómurinn verði staðfestur og áfrýendurnir skyldaðir til að greiða verjendunum málskostnað skaðlaust fyrir báðum rjettum eða með einhverju nægilegu eptir rjettarins mati.

Þess ber fyrir fram að geta, að þar sem talsmaður sá, er mætt hefur af hendi áfrýendanna fyrir yfirdóminum, og sem er kúrador dánarbúsins, einnig hefur komið fram fyrir hönd Magnúsar Eyjólfssonar, þá hefur hann ekki lagt fram neina heimild af hans hendi nje löggilding til að flytja málið fyrir hann, og ber því að vísa málinu að þessu leyti frá yfirdóminum. Að því aptur, er snertir kröfu áfrýjandans um landamerki milli Gneistastaða og Hnauss, þá byggir hann hana á lögfestu frá 1832, þingsvitnum, er hann hefur látið taka upp, og langvinnri notkun. Hvað lögfestuna áhrærir, þá er hún samin af þá verandi eiganda Gneistastaða; nefnir hann þar, hver landamerki Gneistastaða sjeu, og bannar öllum án síns leyfis að nota land það, er liggi innan þeirra ummerkja; síðan stefnir hann með skjalinu þeim, er kunni að vera óánægðir með lögfestuna, fimmtarstefnu á heimili sitt, er var annað en Gneistastaðir, til að fram koma með skjöl og skilríki þau, er geti hnekkt henni, annars standi hún sem óákærður máldagi fyrir Gneistastaðalandi. En bæði er það, að það var eigi á valdi eiganda Gneistastaða, að ákveða, hverja lagaafleiðingu lögfesta hans skyldi hafa, ef henni eigi innan ákveðins tíma yrði mótmælt, og líka er lögfestan engan veginn svo úr garði gjörð, að henni geti hafa borið nokkur frekari þýðing, en lögfestur þær hafa, er nefndar eru í Jb. Llb. XVII, kap., og sem að eins eiga

að standa í 12 mánuði næstu. Loks ber þess að geta, að landamerki þau, sem hjer er krafizt dóms fyrir af hálfu áfrýjandans, eru ekki að öllu leyti hin sömu og tilgreind eru í lögfestunni, þar sem lögfestan telursuð-urhornmarkið «Skygni», en rjettarkrafan þúfu suður undir Bógsöx, sem ekki verður samrýmt eptir afstöðu-uppdrættinum. Að vísu hefur talsmaður áfrýjandans fyrir yfirdóminum viljað vefengja afstöðuuppdráttinn, sem lagður er fram af hinum stefnda fyrir undirrjettinum, en bæði er það, að uppdrátturinn er samþykktur fyrir undirrjettinum, enda hefði það verið áfrýjandanum innan handar, sem höfðaði málið í hjer-aði, að láta gjöra og leggja fram afstöðuuppdrátt máli sínu til sönnunar, en það hefur hann ekki gjört.

Vitni, 5 að tölu, er áfrýendurnir hafa fært, hafa borið hjer um bil hið sama um landamerkin og áfrýendundir vilja láta þau vera; þykjast þau aldrei hafa heyrt, að merkin ættu að vera annarstaðar; en við þetta er það athugandi, að 3 af vitnum þessum virðast hafa komið að Gneistastöðum 1832 og þess vegna sama árið og lögfestan var gjörð, og sama er um 4. vitnið, að það kom sama árið að Hurðarbaki, þar næsta bæ; það gat því vel verið, að þau eigi hefðu heyrt talað um, hvernig merkin hefðu fyr verið haldin. Þar á móti hafa 5 vitni borið, að merkin hafi verið talin svoleiðis sem hinir stefndu telja þau; eitt af vitnum þessum hafði verið í Hnausi, og annað í Vælugerði fyrir 1832; eitt í Hnausi og annað í Vælugerði bæði fyrir og eptir 1832; og hið 5. eptir 1832; svo hafa hinir stefndu og lagt fram nokkra skriflega vitnisburði, sem eru óeiðfestir, en ganga þeim í vil. Og hvað notkun þrætulandsins snertir, þá virðist sem það hafi verið notað frá Hnausi fyrir 1832; þannig hefur vitnið Stefán Ólafsson, er fæddur var á Hnausi 1804 og fór þaðan 1823, borið, að faðir sinn, er þar bjó, hafi

notað það ákærulaust; eins hefur ekkjan Solveig Bjarnadóttir, er bjó þar í 38 ár frá 1825 til 1863, borið, að hún hafi notað landið ákærulaust fyrir 1832; en eftir 1832 sýnist sem landið hafi verið notað ýmist frá Hnausi eða Gneistastöðum. Lóksins var eftir beiðni áfrýendanna gjörð áreið á þrætulandið af sýslumanni og 4 öðrum mönnum, er áfrýendurnir höfðu sjálfir tilnefnt þar, til að álíta, hvort þrætulandið eftir legu þess og afstöðu eigi heyrði undir Gneistastaði, en þeir álitu, að merkin ættu að vera þau, sem hinir stefndu hafa farið fram á. Það virðist þannig engin næg ástæða til að dæma þrætulandið undir Gneistastaði, og ber því að staðfesta undirrettardóminn, hvað þetta atriði snertir; málskostnaður fyrir báðum rjettum virðist eiga að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Að því, er snertir kröfu Magnúsar Eyjólfssonar, vísast málinu frá yfirdóminum, en að öðru leyti á dómur undirrettarins óraskaður að standa. Málskostnaður fyrir yfirdóminum falli niður.

Mánudaginn 19. júnímán.

Nr. 15/1876: Hið opinbera
gegn

Halldóri yfirkennara Friðrikssyni.

Dómur.

Með dómi, upp kveðnum á lögreglupingi Reykjavíkur 18. f. m. af hinum setta lögreglustjóra í fjárkládamálinu, Jóni landshöfðingjaritara Jónssyni, er Halldór yfirkennari Friðriksson dæmdur samkvæmt tilsk. 5. janúarm. 1866 í 3 króna sekt til fátækra sjóðs Reykjavíkur, og til að greiða allan löglegan kostnað af málinu;